

Tækjaflokksreglur

1. Almennt

- 1.1. Tækjaflokkur skal starfa innan björgunarsveitar Kjarlar á Kjalarnesi.
- 1.2. Tækjaflokkur hefur umsjón með tækjum sveitarinnar, sem ekki heyra undir aðra flokka innan sveitarinnar, og þeim áhöldum og búnaði sem þeim fylgja.
- 1.3. Umsjónarmaður tækis skal skipaður af stjórn og ber hann ábyrgð á að tæki og tilheyrandi búnaður sé ávallt tilbúinn í útkall fyrirvaralaust.
- 1.4. Umsjónarmenn tækja og stjórn sveitarinnar skulu sjá til þess að tækjaflokksmenn séu staðkunnugir sínu svæði og hafi haldgóða þekkingu á þeim tækjum og búnaði sem flokkurinn hefur yfir að ráða.
- 1.5. Tækjaflokkur skal sjá um að gengið sé vel um búnað, tæki og aðstöðu tækjaflokks.
- 1.6. Ökumenn tækja skulu vera með fullnaðar ökuskírteini til 2 ára að lágmarki. Þeir skulu jafnframt vera virkir í innra starfi sveitarinnar.
Umsjónarmaður eða fulltrúi úr stjórn sveitarinnar tekur ökumenn út miðað við hvert ökutæki fyrir sig og samþykkir samkvæmt reglu 1.7.
- 1.7. Umsjónarmaður eða fulltrúi úr stjórn tekur út þá sem gjaldgengir eru sem ökumenn tækja og hafa óskað eftir því, samkvæmt eftirfarandi stigum:
A - ökumaður tækis. Öll útköll
B - ökumaður tækis. Almenn útköll, engar óbrúaðar ár.
C - ökumaður tækis. Almennur akstur á malbiki og malarvegum. Ekki í útkall nema A eða B ökumaður sé með í för.
+F - ökumaður sem má aka í forgangsakstri, gildir fyrir A og B ökumenn.
- 1.8. Umsjónarmaður tækis sér til þess að í hverju tæki sé ítarlegur talningarlisti yfir þá uppsetningu og þann búnað sem í því á að vera.
- 1.9. Formaður sveitarinnar getur með stuðningi meirihluta stjórnar, afturkallað réttindi til aksturs ökutækis og jafnframt gert undanþágu á kröfum sem gerðar eru til stjórnunar ökutækis, ef þörf þykir.

2. Notkun tækja

- 2.1. Alla vinnu, bilanir, viðgerðir og akstur á að færa í bækur. Einnig skal flokkurinn halda skrá yfir tæki í sinni umsjá.
- 2.2. Hafa skal samband við formann sveitar ef óskað er eftir tæki til æfingar eða annarar notkunnar, þá skal samþykki formanns liggja fyrir. Ávallt skal upplýsa formann um ferðaáætlun.
- 2.3. Ökumenn skulu leitast við að vera útkallsklárir og hafa tryggja hlustun á TETRA við notkun tækja.
- 2.4. Umsjónarmaður og stjórn sveitar bera ábyrgð á að tæki og útkallsbúnaður þeim tengdum séu ekki notuð til einkanota.
- 2.5. Ábyrgðarmaður tækis í ferð/æfingu þarf að sjá til þess að umsjónarmaður fái vitneskju af breyttu ástandi tækis að ferð lokinni.
Umsjónarmaður tækis ber ábyrgð á að formaður viti hvort tæki sé útkallshæft.
- 2.6. Miðað skal við að hver ökumaður aki ekki lengur en 6 klst. án þess að til komi skipting á ökumanni og ekki lengur en 12 klst. á sólarhring. Umsjónarmaður eða ábyrgðarmaður í ferð/æfingu skal sjá um skiptingu á akstri. Ökumenn skulu forðast að vera við vöku nóttina fyrir akstur.
- 2.7. Ökumenn hjóla ber að nota öryggisbrynju, hálskraga og hjálm. Þá þurfa ökumenn að vera merktir björgunarsveitinni Kjöl og Slysavarnafélaginu Landsbjörg.
- 2.8. Farþegar á fjórhjólum skulu ávallt vera með hjálm og ber ökumönnum að aka miðað við útbúnað farþega.
- 2.9. Þegar æfingarferðir eru stundaðar á fjórhjólum sveitarinnar skal farið á báðum hjólum björgunarsveitarinnar Kjalar.
- 2.10. Undanþága frá tveggjahjóla reglunni getur formaður veitt ef æfingu á að stunda með öðrum björgunarsveitartækjum s.s. bílum eða tækjum annara eininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Ávallt skal miðað við að tvö tæki ferðist saman að lágmarki.

Tækjaflokksreglur og notkun tækja samþykktar 10. júní 2012
Breytingar á gr. 1.6 og 1.7 eftir stjórnarfund í sept. 2013
Breytingar samþykktar á aðalfundi 3. Apríl 2019